



Reykjavík,

12. nóvember 2024

TILLAGA

um aukningu tíðarvara í byggingum VRII, Tæknigarðar og Öskju

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að auka aðgengi að tíðarvörum í byggingum háskólans, sérstaklega í VR-II, Tæknigarði og Öskju.

Rökstuðningur

Fyrir nokkrum árum fór Stúdentaráð í herferð til að auka aðgengi að tíðarvörum í Háskólanum. Þessi herferð heppnaðist vel og er hægt að finna ýmiss konar tíðarvörur á salernum Háskólatorgs. Aukið aðgengi hefur ekki leitt til þess að stúdentar eða starfsfólk séu að hamstra tíðarvörur. Því viljum við að þessi herferð verði útvíkkuð til annarra bygginga Háskóla Íslands til að auðvelda aðgengi fleiri stúdenta að þessari nauðsynjavöru.

Jóhann Almar Sigurðsson, stúdentaráðsliði fyrir Vöku

Kristín Fríða Sigurborgardóttir, stúdentaráðsliði fyrir Röskvu